

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um útgreiddar barnabætur.

Barnabætur eru hluti af tekjuskattskerfinu og reiknast hverju barni og greiðast til foreldra þess að 18 ára aldri skv. 68. gr. tekjuskattslaga. Við útreikning barnabóta er tekið tillit til tekna foreldra, þ.m.t. fjármagnstekna, á þann veg að skerðing á grunnbótum með hverju barni reiknast af tekjustofni umfram tiltekin fjárhæðarmörk. Á því tímabili sem spurt er um tók sú skerðing barnabótanna mið af fjölda barna, þ.e. skerðingarprósentan hækkaði í þrepum eftir því hvort bæturnar reiknuðust fyrir eitt barn, tvö börn, þrjú börn eða fleiri. Ákvörðun bótanna fór hins vegar ekki eftir aldri barna nema að því leyti að sérstök viðbót var greidd með hverju barni yngra en sjö ára en skerðing á þá viðbót var 4% af viðmiðunarmörkum tekna. Foreldrar geta átt börn sem falla innan beggja aldursflokka. Af þeim sökum er ekki gerlegt út frá gögnum sem verða til við árlegan útreikning Skattsins að taka sérstakan aldurshóp út úr mengi barnabótakerfisins. Aldurinn er ekki skráður í uppgjörskerfið að öðru leyti en því hvort greidd er viðbót vegna barns yngra en sjö ára. Í fyrirspurninni er hins vegar í flestum tölulíðum spurt um fjölda foreldra og greiddar bætur miðað við aldurshópinn 7–15 ára. Ráðuneytið leitaði því til Skattsins um leiðir til að einangra greiddar bætur vegna 16 og 17 ára barna frá öðrum aldurshópum. Það reyndist ekki mögulegt nema með því að samkeyra upplýsingar Þjóðskrár við álagningu einstaklinga og endurreikna barnabótakerfi seinustu fimm ára með tilliti til umbeðinnar aldursskiptingar. Er það mat ráðuneytisins að slíkur endurútreikningur yrði of fyrirhafnarmikill og einungis nálgun á greiddum barnabótum fyrri ára en ekki þær fjárhæðir sem raunverulega voru greiddar.

Eftirfarandi svar er unnið upp úr frumálagningu einstaklinga 2019–2023 fyrir tekjuárin 2018–2022. Svárið byggist á þeirri aldursskiptingu sem barnabótakerfið tilgreinir, þ.e. börn yngri en 7 ára og börn 7 ára og eldri, að 18 ára aldri. Grunneining greiningarinnar er dulkóðuð kennitala einstaklinga og miðast tekjutíundir við endanlegan tekjuskattsstofn allra kennitalna í frumálagningu. Í hverri tekjutíund eru um 32 þúsund einstaklingar og sýnir greining eftir tíund hvernig þeir sem fá greiddar barnabætur raðast innan hvernar tíundar. Upplýsingar fyrir tekjuárið 2023 liggja ekki fyrir fyrir en með álagningu einstaklinga í maí n.k.

1. *Hversu margir foreldrar hafa verið einstæðir með börn yngri en 7 ára á undanförunum 5 árum, sundurliðað eftir árum?*

Tafla 1 sýnir fjölda einstæðra foreldra með börn yngri en 7 ára á tekjuárunum 2018–2022 og greiddar barnabætur til þess hóps eftir árum.

Tafla 1.

Ár	Fjöldi einstæðra foreldra	Greiddar barnabætur
2018	5.336	3.215.974.914
2019	5.017	3.132.190.540
2020	4.878	3.066.372.016
2021	4.787	3.217.005.830
2022	4.777	3.153.988.897

2. *Hversu margir foreldrar hafa verið einstæðir með börn á aldrinum 7–15 ára á undanförunum 5 árum, sundurliðað eftir árum?*

Tafla 2 sýnir fjölda einstæðra foreldra með börn 7 ára og eldri, þ.e. allt að 18 ára, á tekjuárunum 2018–2022 og greiddar barnabætur til þess hóps eftir árum.

Tafla 2.

Ár	Fjöldi einstæðra foreldra	Greiddar barnabætur
2018	9.207	4.223.654.700
2019	9.219	4.282.271.466
2020	9.313	4.290.934.372
2021	9.409	4.624.177.862
2022	9.599	4.845.954.739

3. *Hversu margir foreldrar í sambúð eða hjónabandi voru með börn yngri en 7 ára á undanförunum 5 árum, sundurliðað eftir árum?*

Tafla 3 sýnir fjölda foreldra barna í sambúð með börn yngri en 7 ára á tekjuárunum 2018–2022 og greiddar barnabætur til þess hóps eftir árum.

Tafla 3.

Ár	Fjöldi foreldra í sambúð	Greiddar barnabætur
2018	36.958	4.309.166.327
2019	37.158	4.612.552.039
2020	37.840	4.934.565.475
2021	38.562	5.560.672.944
2022	39.332	5.668.730.306

4. *Hversu margir foreldrar í sambúð eða hjónabandi voru með börn á aldrinum 7–15 ára á undanförunum 5 árum, sundurliðað eftir árum?*

Tafla 4 sýnir fjölda foreldra barna í sambúð með börn 7 ára og eldri, þ.e. allt að 18 ára, á tekjuárunum 2018–2022 og greiddar barnabætur til þess hóps eftir árum.

Tafla 4.

Ár	Fjöldi foreldra í sambúð	Greiddar barnabætur
2018	48.456	3.858.469.744
2019	48.992	4.035.074.605
2020	49.550	4.208.458.694
2021	50.088	4.666.670.844
2022	50.910	4.930.919.671

5. *Hversu miklar barnabætur voru greiddar til hvers hóps fyrir sig sem talinn er upp í 1.–4. tölul., sundurliðað eftir árum?*

Sjá greiddar barnabætur til hvers hóps í töflum 1–4.

6. *Hvernig skiptust útgreiddar barnabætur skv. 5. tölul. eftir tekjutiundum í hverjum hópi fyrir sig, sundurliðað eftir árum?*

Tafla 5 sýnir hvernig barnabætur til einstæðra foreldra barna yngri en 7 ára hafa dreifst á tekjutiundir undanfarin fimm ár.

Tafla 5. Einstæðir foreldrar barna yngri en 7 ára (barnabætur í millj. kr.).

Tíund	2022	2021	2020	2019	2018
1	120	132	128	149	167
2	359	411	353	393	417
3	509	533	568	608	647
4	548	608	589	571	655
5	641	623	589	573	461
6	399	382	356	334	324
7	251	253	221	234	256
8	196	164	149	156	180
9	106	88	92	91	89
10	25	22	23	24	21

Tafla 6 sýnir hvernig barnabætur til einstæðra foreldra barna 7 ára og eldri, þ.e. allt að 18 ára, hafa dreifst á tekjutíundir undanfarin 5 ár.

Tafla 6. Einstæðir foreldrar barna 7 ára og eldri (barnabætur í millj. kr.).

Tíund	2022	2021	2020	2019	2018
1	119	117	104	131	136
2	288	306	272	283	288
3	524	509	544	525	544
4	742	783	729	674	763
5	861	825	729	773	587
6	665	642	565	556	541
7	584	561	500	524	522
8	540	463	458	433	485
9	397	333	305	307	283
10	126	86	85	77	73

Tafla 7 sýnir hvernig greiðsla barnabóta til foreldra barna í sambúð með börn yngri en 7 ára dreifðist á tekjutíundir á árunum 2018–2022.

Tafla 7. Foreldrar í sambúð með börn yngri en 7 ára (barnabætur í millj. kr.).

Tíund	2022	2021	2020	2019	2018
1	371	364	348	344	341
2	582	575	542	530	498
3	822	811	727	664	623
4	686	719	629	590	514
5	619	592	533	472	440
6	719	676	568	527	483
7	730	733	624	561	518
8	601	607	528	500	485
9	429	386	347	339	319
10	110	99	89	84	89

Tafla 8 sýnir hvernig greiðsla barnabóta til foreldra barna í sambúð með börn 7 ára og eldri, þ.e. allt að 18 ára, dreifðist á tekjutíundir á árunum 2018–2022.

Tafla 8. Foreldrar í sambúð með börn 7 ára og eldri (barnabætur í millj. kr.).

Tíund	2022	2021	2020	2019	2018
1	294	269	262	264	255
2	391	363	364	356	365
3	657	641	590	555	539
4	587	578	514	527	455
5	541	515	459	429	416
6	619	568	505	473	446
7	653	621	548	500	480
8	602	596	496	482	475
9	459	402	363	350	330
10	130	114	107	98	98